

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 212/2014

2015/EES/52/04

frá 24. október 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 289/2014 frá 21. mars 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir foramsúlfúrón, asimsúlfúrón, jöðsúlfúrón, oxasúlfúrón, mesósúlfúrón, flasasúlfúrón, ímasósúlfúrón, própamókarb, bifenasat, klórprófam og þíóbenkarb í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2014 frá 27. mars 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenarímól, metaflúmísón og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 364/2014 frá 4. apríl 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenpýroxímat, flúbendíamíð, ísópýrasam, kresoxímmetýl, spírótetramat og þíaklópríð í eða á tilteknum afurðum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 398/2014 frá 22. apríl 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benþíavalíkarb, sýasófamíð, sýhalófpóbútýl, forklorfenúrón, pímetrósin og silþíófam í eða á tilteknum afurðum <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32014 R 0289**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 289/2014 frá 21. mars 2014 (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 49),
- **32014 R 0318**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2014 frá 27. mars 2014 (Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 28),
- **32014 R 0364**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 364/2014 frá 4. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 112, 15.4.2014, bls. 1),
- **32014 R 0398**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 398/2014 frá 22. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 3).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 49.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 112, 15.4.2014, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 3.

## 2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32014 R 0289**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 289/2014 frá 21. mars 2014 (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 49),
- **32014 R 0318**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2014 frá 27. mars 2014 (Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 28),
- **32014 R 0364**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 364/2014 frá 4. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 112, 15.4.2014, bls. 1),
- **32014 R 0398**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 398/2014 frá 22. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 3).“

## 3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 289/2014, (ESB) nr. 318/2014, (ESB) nr. 364/2014 og (ESB) nr. 398/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

## 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.